

Gerðardómur í máli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
árið 2010

GREINARGERÐ OG DÓMSORÐ

I. Skipan gerðardómsins og umboð

Með bréfi dags. 6. maí 2010 tilkynnti Ríkissáttasemjari um skipan gerðardóms á grundvelli ákvæðis í kjarasamningi Landssambands lögreglumanna (LL) og fjármálaráðherra frá 13. júlí 2001 en sem kunnugt er njóta lögreglumenn ekki verkfallsréttar. Beiðni um skipan gerðardómsins kom frá LL.

Kjarasamningur deiluaðila rann út 31. maí 2009. Þann 3. júlí 2009 undirritaði LL og helstu aðildarfélög BSRB samkomulag um framlengingu kjarasamninga þar sem tekið var mið af stöðugleikasáttmála ríkisvalds, vinnuveitenda og verkalyðshreyfingar frá 25. júní 2009. Þann 13. ágúst 2009 var umrætt samkomulag fellt í almennri atkvæðagreiðslu lögreglumanna. Eftir það voru samningaviðræður deilenda á forræði Ríkissáttasemjara þar til gerðardómurinn var skipaður.

II. Reifing málsins

Í 5. og 6. tl. fylgiskjals með kjarasamningnum frá 13. júlí 2001 um störf gerðardómsins segir að dómurinn setji sér sjálfur starfsreglur og að hann skuli hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar hafa lagt fram. Dómurinn setti sér m.a. reglur um atkvæðagreiðslu og beindi enn fremur til aðila beiðni um frekari gögn en þau sem í málinu voru og var orðið við henni. Þá gaf dómurinn aðilum kost á framlagningu viðbótargagna að eigin frumkvæði.

Af hálfu fjármálaráðherra er því haldið fram að samkomulag um kjaramál á grundvelli stöðugleikasáttmálans sem gert var við helstu samtök launþega hjá ríkinu leggi grunninn að afstöðu ríkisvaldsins til gerðar samkomulags við önnur launþegasamtök hjá ríkinu. Af hálfu LL er aðalkrafan sú að kjör þeirra verði löguð að kjörum viðmiðunarhópa og að hluti álagsgreiðslu sem þeir höfðu notið frá 2007 en var felld niður er kjarasamningur þeirra rann út í maílok 2009 verði tekin upp að nýju. Forsendur hennar voru óvenjumikið álag í starfi og hlutfallsleg kjaraleg staða lögreglumanna.

Við endanlega niðurstöðu sína hefur dómurinn einkum litið til eftirfarandi þátta:

Þróun kjaramála lögreglumanna á undanförunum árum.

Stöðugleikasáttmálinn frá 25. júní 2009 og samkomulag ríkis og atvinnurekenda við helstu launþegasamtökin er meginviðmið við gerð kjarasamninga nú.

Hluti umræddrar álagsgreiðslu frá árinu 2007 var þáttur í heildarkjörum lögreglumanna en féll niður þegar kjarasamningur þeirra rann út í maílok 2009 þótt forsendur greiðslunnar eigi enn við að mati dómsins.

Eftir að hafa virt sérhvern þessara þátta fyrir sig og alla í samhengi hefur dómurinn komist að niðurstöðu um eftirfarandi

Kó






DÓMSORÐ


Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

1. Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi sem aðilar undirrituðu 3. júlí 2009 ásamt yfirlýsingum og bókunum svo og sameiginlegri framkvæmdaáætlun skal taka gildi í samræmi við ákvæði þess. Skv. því gildir hinn nýi kjarasamningur frá 1. júlí 2009 og lýkur 30. nóvember 2010.
2. Ný grein komi inn í kjarasamninginn og er hún svohljóðandi:
Sá hluti álagsgreiðslu lögreglumanna frá árinu 2007 er féll niður eftir maí 2009 við lok þáverandi kjarasamnings skal falla til greiðslu mánaðarlega frá 1. júlí 2009. Sömu reglur og áður skulu gilda um rétt einstakra lögreglumanna til greiðslunnar.


Reykjavík 2. júní 2010

Við atkvæðagreiðslu í samræmi við reglur dómsins var framangreint dómsorð samþykkt með einu atkvæði en tveir dómenda sátu hjá.


 Þórir Einarsson
 Formaður dómsins



Katrín Ólafsdóttir meðdómari
 Tilnefnd af fjármálaráðherra



Snorri Magnússon meðdómari
 Tilnefndur af Landssambandi lögreglumanna